

Áunninn fjöltaugakvilli í hrossum (acquired equine polyneuropathy, AEP) sem þekktur er í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, hefur nú greinist í fyrsta sinn í hrossum hér á landi. Sjúkdómurinn uppgötvaðist í Skandinavíu fyrir nær 25 árum.

Fjöltaugakvilli merkir sjúkdómur í mörgum taugum líkamans, einkum í úttaugum þeim sem leiða niður í fætur hestsins.

Ekki er um smitsjúkdóm að ræða og ekkert bendir til þess að sjúkdómurinn sé arfgengur. Hann er líklega fódurborin þar sem hann kemur upp hjá hrossum sem hafa verið fóðruð á rúlluhevi af sama slætti á sama tóni. Ekki veikjast þó öll hrossin sem fengið hafa sama hey.

Lang flest tilfelli hafa komið upp í Noregi en einnig eru mörg í Svíþjóð. Í Finnlandi er hann fátíður. Mikill breytileiki er á tíðni sjúkdómsins milli ára og milli landsvæða í Skandinavíu. Flestar tilkynningar berast seinni hluta vetrar eða að vori til. Öll hestakyn geta fengið sjúkdóminn og hefur hann greinist í íslenskum hrossum í Skandinavíu. Sjúkdómurinn hefur komið upp bæði í útígangshrossum og húshrossum við mismunandi aðstæður. Mismunandi er hversu mörg hross veikjast þar sem sjúkdómurinn kemur upp, eða allt frá einu hrossi og uppí 25.

Þrátt fyrir miklar rannsóknir á sjúkdómnum bæði í Noregi og Svíþjóð hefurekki tekist að greina orsakirnar.

Einkenni

Vöðvaslappleiki í afturhluta líkamans er áberandi þar sem hestarnir skjögra að aftan. Hestarnir eru með fullri meðvitund, hafa góða matarlist og sýna aðlilegt atferli að mestu leyti. Þeir virðast þó pirraðir og sveifla taglinu. Vöðvarýrningur er greinileg í mörgum tilfellum.

Mest einkennandi er að hesturinn fellur öðru hverju niður á afturfótakjúkurnar, aðra eða báðar, vegna þess að strekkivöðvar afturfótanna hafa misst máttinn og ná ekki að rétta úr tánum í tæka tíð.

Í alvarlegum tilfellum leggjast hrossin og nauðsynlegt getur verið að aflífa þau út frá sjónarmiðum dýravelferðar. Í vægari tilfellum eiga hestar aðeins erfitt með að fóta sig á ósléttu undirlagi og missa undan sér afturfót stöku sinnum, en hafa ber í huga að það getur einnig gerst hjá heilbrigðum hestum.

Hrossin eiga ágæta möguleika á að lifa sjúkdóminn af og mörgum þeirra batnar að sjálfu sér, en á löngum tíma.

Meinafræði

Við meinafræðilega rannsókn sjást taugaskemmdir í úttaugum, bæði í hinu einagrundi myelinslíðri og í sjálfum taugaþráðunum. Komið hefur á óvart hvað skemmdirnar eru umfangsmiklar jafnvel hjá hestum með lítil einkenni. Langvinnar breytingar á taugaþráðum hafa sést hjá hestum með skammvin einkenni sem bendir til endurtekens niðurbrots og viðgerða á myelininu. Breytingarnar sjást bæði í skyntaugum og blönduðum taugum. Nánari lýsingar er að finna í meðfylgjandi vísindagreinum.

Mögulegar orsakir fyrir frumuskemmdum sem þessum geta verið margvíslegar: eitranir, vítamínskortur, efnaskiptaraskanir eða þá skemmdir sem miðlað er af ónæmiskerfinu. Þekkt er að ónæmisviðbrögð (mótefnasvörun) gegn smitefnum eða öðrum efnum geta haft áhrif á taugakerfið, eins og gerist til dæmis í Guillain-Barrés heilkenni hjá fólki.

Sjúkdómsgreining

Greiningin byggir að miklu leyti á sjúkdómseinkennum (nákvæm klínísk skoðun með skoðun á taugaviðbrögðum) og sjúkrasögu hestanna en auk þess þarf að útiloka aðrar mögulegar orsakir.

Hægt er að staðfesta greininguna með krufningu og meinafræðilegri skoðun á úttaugum.

Mismunagreiningar sem þarf að útiloka eru kvillar í stoðkerfinu, hræitrun, heilahimnunubólga/heilabólga t.d. vegna veirusýkinga (herpes, Borna o.fl), listeríusýkingar eða sýkinga af völdum einfrumunga sem og eitranir sem verka á miðtaugakerfið og taugakerfið almennt.

Meðhöndlun

Engin sérstök meðhöndlun er til við sjúkdómnum enda læknast hann að sjálfu sér. Hvíld í nokkra mánuði og allt að heilu ári er nauðsynleg, þó með möguleika á rólegri hreyfingu í hentugu beitarhólfi. Sjúkdómurinn getur versnað við að hesturinn verði hræddur, stressaður eða þreyttur. Bætiefnagjöf með seleni, B- og E- vítamínum er sjálfsögð stuðningsmeðhöndlun.

Nauðsynlegt er að aflífa hesta sem fá alavarlegra form sjúkdómsins og leggjast fyrir þannig að þeir geta ekki staðið upp sjálfir.

Engin ástæða er til að einangra hesta með þennan sjúkdóm eða gæta sérstakra smitvarna. Ekkert bendir til að sjúkdómurinn geti borist í aðrar dýrategundir eða fólk.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Þar sem sjúkdómurinn kemur upp þarf að hætta að gefa hrossum það hey sem grunað er að tengist sjúkdómnum.

Sjúkdómshorfur

Gera má gera ráð fyrir að um 70% þeirra hrossa sem fá einkenni sjúkdómsins lifi hann af og að einkennin hverfi með tímanum. Bataferlið tekur 6 mánuði að meðaltali en getur tekið allt að 18 mánuðum.

Tilkynningar um sjúkdómstílfelli

Þar sem um nýjan sjúkdóm er að ræða, sem mikilvægt er að fá yfirlit yfir, óskar Matvælastofnun eftir upplýsingum um öll tilfelli þar sem grunur leikur á sjúkdómnum eða hann er staðfestur.

Heimild

Upplýsingasíða dýraheilbrigðisstofnunar Svíþjóðar: <https://www.sva.se/djurhalsa/hast/nervsjukdomar-hast>